



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið Ársrit 2018



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
www.stjornarradid.is / srn@srn.is

Apríl 2019

ISBN: 978-9935-494-01-6

Ábyrgðarmaður: Ragnhildur Hjaltadóttir

Hönnun ársrits: Einar Guðmundsson / Studio WDLND

Forsíðumynd: Hermann Snorrason

Ljósmyndir: Michelle Spollen (s. 2), Birgir Ísleifur Gunnarsson (s. 4, 5), Taneli Lahtinen (s. 9), Echo Grid (s. 10), Tom Grimbert (s. 11), Jackson Hirsch (s. 12), Jordan Rowland (s. 13), Thomas Tucker (s. 14), Golli (s. 15, 21, 27), Thor Alvis (s. 17), Diego PH (s. 18), Glenn Carstens Peters (s. 22), Casey Horner (s. 24), Bogdan Pasca (s. 25).

Efnisyfirlit

Ávörp

- | | |
|----------------------------|---|
| • Sigurður Ingi Jóhannsson | 4 |
| • Ragnhildur Hjaltadóttir | 5 |

Ráðuneytið

- | | |
|------------------------|---|
| • Framtíðarsýn | 6 |
| • Skipulag og verkefni | 7 |

Stefnumál ráðherra 8

- | | |
|-------------------------------------|----|
| • Fjarskipti, grunnskrár og póstmál | 10 |
| • Samgöngur | 11 |
| • Byggðamál | 12 |
| • Sveitarstjórnarmál | 13 |
| • Umbótaverkefni | 14 |

Stefnumótun og árangur 16

- | | |
|-------------------------------------|----|
| • Stefnumótun og samþætting áætlana | 17 |
| • Mótum framtíðina saman | 18 |

Samráð og samstarf 20

Stofnanir 24

Starfsemi 26

- | | |
|----------------------|----|
| • Mannauður | 27 |
| • Fjármál og rekstur | 28 |
| • Þingmál og nefndir | 29 |
| • Úrskurðir | 30 |
| • Samskipti | 31 |
| • Fréttaannáll | 32 |



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu-
og sveitarstjórnarráðherra

Öryggi, lýðræði og lífsgæði

Öryggi, lýðræði og lífsgæði eru leiðarljós í mála-flokkum sem falla undir ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála. Þótt einhverjum kynni að þykja samgöngumál, fjarskiptamál og sveitarstjórnar- og byggðamál vera safn ólíkra þátta samfélagsins þá eru þau samofin. Þess sér ekki síst stað í þeirri áherslu ráðuneytisins að samþætta þær stóru áætl- anir sem undir ráðuneytið heyrir: samgönguáætlun, byggðaáætlun og fjarskiptaáætlun. Allt eru þetta þættir sem skipta gríðarlegu máli í daglegu lífi fólks um allt land og hver þáttur styður annan.

Það hefur verið sérstakt áherslumál mitt í stjórn- málum að horfa á Ísland sem eina heild en því sé ekki sjálfkrafa skipt upp í landsbyggð og höfuðborg í allri umræðu. Það er í mínum huga augljóst að það vinnur gegn framþróun samfélagsins að skipta okkar fámenna samfélagi í tvær fylkingar sem takist á um völd og velsæld. Verðmætasköpun og vaxtarmögu- leikar landsbyggðar og höfuðborgar verða að fara saman til að skapa sterkt og samheldið samfélag.

Samgöngur eru sérstakt áherslumál mitt og ríkis- stjórnarinnar. Þar höfum við náð að blása til stórsóknar. Árið 2018 var fjórum milljörðum króna

bætt við mála flokkinn til viðhaldsframkvæmda í samgöngum. Frá því ríkisstjórnin tók við hefur verið ákveðið að setja um 40 milljarða króna aukalega í samgöngur. Á næstu þremur árum er stefnt að 9,5 milljarða aukningu til samgöngumála á ári. Slík aukning á eftir að hafa gríðarleg áhrif á umferðar- öryggi, ekki síst á stofnbrautum frá og til höfuðborgar- svæðisins og þannig stækka atvinnu- og skóla- sóknarsvæði suðvesturhornisins fyrir alvöru. Stór verkefni víða um land, ekki síst á Vestfjörðum, eiga eftir að bæta lífsgæði stórs meirihluta landsmanna.

Einnig hefur náðst, í fyrsta sinn í mörg ár eða áratugi, raunverulegt samtal milli ríkis og sveitar- félaga á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna á þéttbýlasta svæði landsins. Er þar bæði litið til uppbyggingar stofnbrauta og öflugra almenningsamgangna.

Lagt er í nýjan leiðangur í sveitarstjórnarmálum með gerð stefnu og aðgerðaáætlunar í málefnum sveitarfélaga. Í þeirri vinnu er leiðarljósið sjálfstjórn sveitarfélaga, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni og heildarhagsmunir, þróun og nýsköpun. Sveitar- stjórnarstigið skiptir fólki í daglegu lífi miklu máli.

Það er mikilvægur þáttur í lýðræðinu og því að skapa samheldið og frjótt samfélag.

Ásýnd byggðamála hefur breyst á síðustu árum með stóraukinni áherslu á stefnumótun. Á tímabili fjármálaáætlunar verður aukin áhersla á byggðamálin með meira fjármagni. Metnaðarfull byggðaáætlun var samþykkt árið 2018 og sama ár fundaði nýtt byggðamálaráð í fyrsta sinn. Samspil byggðaáætlunar og sóknaráætlana landshlutanna er mikilvægt til þess að efla byggð í landinu.

Fjarskipti eru líkt og samgöngur æðakerfi sam- félagsins. Á því sviði hefur Ísland skipað sér í fremstu röð og skiptir þar ekki síst máli verkefni um ljósleiðara- væðingu landsins sem gengur undir heitinu Ísland ljóstengt. Ísland er efst allra þjóða með einstaka út- breiðslu háhraða netsambands til 99,9% heimila og fyrirtækja þegar verkefninu lýkur árið 2020.

Í stuttu ávarpi er ekki hægt að koma öllu fyrir en ég vil þó nefna sérstaklega netöryggismál og póst- mál sem eru gríðarstór og metnaðarfull verkefni sem siglt verður í höfn á yfirstandandi ári. Eins og önnur verkefni ráðuneytisins hafa þau að markmiði að efla öryggi, lýðræði og lífsgæði á Íslandi.

Ný hugsun í stefnumótun

Málaflokkar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins hafa mikil áhrif á lífsgæði, búsetu og hagsæld á Íslandi. Því er beinlínis nauðsynlegt fyrir okkur að sjá fram í tímann enda er löng hefð fyrir mótun framtíðarsýnar og stefnu í ráðuneytinu.

Stefnur og áætlanir eru margar og nægir þar að nefna samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun. Þessar áætlanir lifa á hinn bóginn sjálfstæðu lífi – án mikilla tengsla hver við aðra. Og jafnvel án sameiginlegrar framtíðarsýnar og markmiða. Þessu erum við að breyta.

Það gerum við með nýrri hugsun í stefnumótun – nýrri sýn sem er í samræmi við nútíma stjórnsýslu.

Breytingar gerast ekki af sjálfu sér. Til þess þarf frumkvæði og hugsjón. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hefur lagt ríka áherslu á að samþætta áætlanir sem undir ráðuneytið heyrja.

En hvað erum við að gera? Hvernig ætlum við að breyta heiminum? Í ráðuneytinu eru fjögur meginvið sem saman leggja grunn að innviðum og þjónustu í samfélaginu – sveitarstjórnarmál, samgöngur, fjarskipti og grunnskrár og byggðamál.

Þetta eru mikilvægar stoðir – æðakerfi landsins – sem mynda eina samofna heild, eins og púsluspil, þar sem starfsemi á einu sviði hefur áhrif á hin. Það gefur til dæmis auga leið að fátt hefur meiri áhrif á þróun byggða en samgöngur, ljósleiðaravæðingin hefur verið kölluð stærsta byggðamálið í dag, samgöngubætur hafa áhrif á sameiningu sveitarfélaga – og svo má lengi telja.

Við ætlum að tengja áætlanir betur saman með sameiginlegri framtíðarsýn, meginmarkmiðum og leiðarljósum. Og við ætlum að fylgjast með árangri. Við viljum sjá árangur starfa okkar í þágu samfélagsins og vilja borgaranna.

Við höfum þegar mótað framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir málaflokkana. Þess sést þegar stað í byggðaáætlun, samgönguáætlun og í tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun, sem er nú til umræðu á Alþingi. Loks er hafin vinna við mótun stefnumarkandi áætlun um málefni sveitarfélaga.

Í þeirri vinnu áttum við víðtækt samráð við atvinnulífið og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, ekki síst á framtíðarfundi sem ráðherra boðaði til í maí 2018.

Gildi ráðuneytisins – framsýni, árangur og traust – varpa ljósi á þær óskráðu reglur sem eru til grundvallar þessari sýn og markmiðum. Þau standa ekki sjálfstæð hvert um sig en mynda saman þann grunn sem við byggjum allt okkar starf á. Þau lýsa þeirri menningu sem einkennir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.

Það er mikil vinna framundan – sjálf stefnumótunin á nýjum forsendum. Ný hugsun í stefnumótun ráðuneytisins er hafin. Við höfum sömu sýn, sömu meginmarkmið, sama gildistíma áætlana, sama verklag og öflugt samráð.

Við stöndum á tímamótum og vonandi ber framtíðin okkur að heildaráætlun um innviði og þjónustu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Landi og þjóð til heilla.



Ragnhildur Hjaltadóttir
ráðuneytisstjóri



Framtíðarsýn

Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.

Meginmarkmið

1. Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins
2. Sjálfbærar byggðir um land allt

Leiðarljós

Meginmarkmiðið um að **þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins** felur meðal annars í sér eftirfarandi leiðarljós:

- Samgöngu- og fjarskiptakerfi mynda samþætta heild til hagsbóta fyrir einstaklinga og atvinnulíf.
- Grunnnet samgangna og fjarskipta á landi, í lofti og sjó er skilgreint og byggt upp með hliðsjón m.a. af öryggi, vinnusóknarsvæðum, tengingu landshluta og Íslands við umheiminn.
- Samgöngur og fjarskipti geri landsmönnum kleift að nálgast opinbera grunnþjónustu á sem stystum tíma og á öruggan hátt.
- Öryggisáætlanir í samgöngum og fjarskiptum eru uppfærðar reglulega og árangur mældur.

Meginmarkmiðið um **sjálfbærar byggðir um land allt** felur meðal annars eftirfarandi leiðarljós:

- Við forgangsriðun aðgerða verði tekið tillit til óska sveitarstjórna og sóknaráætlana landshluta.
- Skipulag og forgangsriðun samgangna og fjarskipta um land allt taki tillit til umhverfisgæða og lýðheilsu.
- Uppbygging heildstæðs almenningsamgöngukerfis um allt land.

Ráðuneytið

Verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins ná til fjölmargra sviða þjóðfélagsins og varða meðal annars samgöngur, fjarskipti, grunnskólar, pósthjónustu, netöryggi og sveitarstjórnar- og byggðamál. Verkefni ráðuneytisins eru skilgreind í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.


Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er Sigurður Ingi Jóhannsson og hann er jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda. Ráðherra fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Skrifstofur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eru fjórar; skrifstofa rafrænna samskipta, skrifstofa samgangna, skrifstofa stefnumótunar og fjárlaga og skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála.

Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyrja undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna. Hlutabréf í opinberu hlutafélögum eru á hinn bóginn í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og það kemur í hlut fjármála- og efnahagsráðherra að skipa stjórnir þeirra.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið er í nánu samstarfi við ýmsar alþjóðlegar stofnanir. Þar má nefna Norrænu ráðherranefndina, Evrópuráðið, stofnanir sem tengjast EES-samstarfinu, samgöngustofnanir, OECD og fleiri.

Skipurit





Stefnumál ráðherra

Ráðuneytið vinnur að fjölmörgum mikilvægum verkefnum hverju sinni. Ráðherra hefur sett 25 mál í forgang sem unnið verður að á kjörtímabilinu í takt við stjórnarsáttmála og stefnu og áætlanir ráðuneytisins í málaflokkum þess.

Stefnumál ráðherra

Fjarskipti, grunnskrár og póstmál

1. Innleiðing 5G tækninnar í fjarskiptum
2. Samnýting innviða
3. Ísland ljóstengt
4. Stóreflt net- og upplýsingaöryggi
5. Öryggi fjarskiptasambanda við önnur lönd
6. Regluverk um landslén Íslands
7. Afnám einkaréttar í póstpjónustu
8. Endurskoðun á regluverki um málefni þjóðskrár Íslands

Samgöngur

9. Hraða uppbyggingu í vegamálum og innviðum í samgöngum
10. Umferðaröryggi aukið
11. Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu
12. Stefna í almenningssamgöngum
13. Breytingar á umhverfi leigubífreiða
14. Flugstefna mótuð
15. Orkuskipti í samgöngum
16. Einföldun og samræming regluverks um skip

Umbótaverkefni

- A. Áætlanir samþættar
- B. Rafræn stjórnsýsla og nýsköpun
- C. Aukin gæði eftirlits
- D. Þjónustumiðaðri stjórnsýsla

Byggðamál

17. Blómlegar byggðir
18. Opinber þjónusta kortlögð
19. Höfuðborgarstefna mótuð
20. Brothættar byggðir

Sveitarstjórnarmál

21. Sveitarstjórnarstigið eftt á landsvísu
22. Skýrara hlutverk landshlutasamtaka
23. Endurskoðun reglna um fjármál sveitarstjórna
24. Stuðningur vegna sameiningar sveitarfélaga
25. Stefna og aðgerðaáætlun um sveitarstjórnarmál

Fjarskipti, grunnskrár og póstmál

1. Innleiðing 5G tækninnar í fjarskiptum

Markvisst verði unnið að undirbúningi fyrir skynsamlega uppbyggingu innviða fyrir 5G til að auka samkeppnishæfni samfélagsins. Þannig verði Ísland áfram í fremstu röð í fjarskipta- og upplýsingatækni.

Mótuð verði ný heildarlöggjöf um fjarskiptamál og samhlíða innleidd ný tilskipun Evrópusambandsins á sviði fjarskipta. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp þessa efnis eigi síðar en haustið 2020.

2. Samnýting innviða

Rutt verði úr vegi mögulegum hindrunum fyrir innleiðingu nýrrar tækni og stuðlað að hagkvæmri samnýtingu jarðvegsframkvæmda við lagningu ljósleiðara eða annarra innviða í þágu samfélagsins.

Sett verði löggjöf um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta. Frumvarp var lagt fyrir Alþingi vorið 2019.

3. Ísland ljóstengt

Stuðlað verði að því að bæta búsetuskilyrði og fjölga tækifærum landsmanna til atvinnusköpunar um land allt. Markmiðið er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu í árslok 2021.

Stjórnvöld geri síðustu styrktarsamninga við sveitarfélög á grundvelli Ísland ljóstengt árið 2020 með það að markmiðið að framkvæmdum þeirra ljúki fyrir árlök 2021.

4. Stóreflt net- og upplýsingaöryggi

Komið verði á skýru skipulagi um netöryggismál og skilgreindar öryggiskröfur fyrir orku- og vatnsveitur,

heilbrigðisþjónustu, flutninga, bankþjónstu, fjármálamarkað og stafræn grunnvirki. Starf Netöryggisráðs sem samstarfsvettvangs stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi verði eftt.

Sett verði lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða í samræmi við svokallaða NIS-tilskipun ESB um sameiginlegar kröfur til öryggis net- og upplýsingakerfa.

Ennfremur verði unnið að því að þróa tilkynningagátt um netöryggisatvik þar sem fyrirtæki og stofnanir skrá tilkynningar til netöryggisveitar, Persónuverndar og lögreglu. Stefnt er að því að opna gáttina um mitt ár 2019.

5. Öryggi fjarskiptasambanda við önnur lönd

Öryggi fjarskiptasambanda landsins við umheiminn verði tryggt enn frekar. Stjórnvöld ákveði framtíðarfyrikomulag sem tryggi öruggar tengingar Íslands við umheiminn um fjarskiptasæstrengi með hliðsjón af sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila.

Niðurstöður botnrannsóknar til undirbúnings þriðja fjarskipta-sæstrengnum, sem fjarskiptasjóður hefur falið Farice að framkvæma fyrir sína hönd, liggi fyrir haustið 2019. Ákvörðun stjórnvalda um framtíðarfyrikomulag og tilheyrandi aðgerðir liggi fyrir á seinni hluta árs 2019.

6. Regluverk um landslén Íslands

Rekstur og öryggi landslénsins verði tryggt. Landslénid .is lúti sambærilegum lagaramma og í helstu samanburðarlöndum.

Mótuð verði stefna um umgjörð og umsýslu á

Íslenska landsléninu (.is) í víðtæku samráði við almenning og hagsmunaaðila. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um Íslensk lén eigi síðar en árið 2020.

7. Afnáam einkaréttar í pósthjónustu

Einkaréttur í pósthjónustu verði afnuminn, greitt verði fyrir aukinni hagkvæmni og aðgangur tryggður að skilgreindri lágmarksþjónustu (alþjónustu) óháð staðsetningu og á viðráðanlegu verði. Fundnar verði leiðir til að lágmarka kostnað ríkisins vegna erlendra sendinga til landsins.

8. Endurskoðun á regluverki um málefni Þjóðskrár Íslands

Lokið verði við endurskoðun á lykillöggjöf sem varðar starfsemi og málefni Þjóðskrár Íslands með það að markmiði að hún endurspegli nútímakröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Frumvarp um skráningu einstaklinga var lagt fram vorið 2019.



Samgöngur

9. Hraða uppbyggingu í vegamálum og innviðum í samgöngum

Uppbyggingu í vegamálum og innviðum í samgöngum hraðað með nýframkvæmdum og viðhaldi til að auka umferðaröryggi, stytta vegalengdir milli byggða og styrkja atvinnusvæði á landinu.

Aukið fjármagn í samgönguáætlun til framkvæmda og viðhalds vega, hafna og flugvalla. Nýjar fjármögnunarleiðir í samgöngum kynntar og frumvarp lagt fram á Alþingi um útfærslu veggjalda fyrir flýtiframkvæmdir. Samhliða hugað að stofnun opinbers hlutafélags um tekjur og fjármögnun.

10. Umferðaröryggi aukið

Öryggi vegfarenda í umferðinni óháð samgöngumáta tryggt enn frekar og áhersla lögð á umhverfissjónarmið aukin við skipulagningu umferðar í löggjöf um umferðarmál.

Ný heildarlöggjöf um umferðarmál hefur verið lögð fram á Alþingi en unnið hefur verið að endurskoðun laganna í mörg ár. Markmið með nýjum lögum er að stuðla enn frekar að öryggi í umferðinni, laga löggjöf að kröfum nútímans og alþjóðlegum samningum og taka tillit til breyttra samgönguvenja og fjölbreyttari samgöngumáta.

11. Uppbygging samgangna á höfuðborgarsvæðinu

Mótuð verði framtíðarstefna um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, samstarf ríkis og sveitarfélaga á svæðinu skilgreint og fjármögnun framkvæmda metin.

Unnið að skipulagningu og fjárveitingu til stofn-

brauta og tenginga út úr höfuðborginni til næstu ára. Framkvæmdafé skilgreint í samgönguáætlun til að hefja undirbúning fyrir uppbyggingu almennings-samgangna og borgarlínu.

12. Stefna í almenningsamgöngum

Hlutdeild almenningsamgangna í ferðum milli byggða á Íslandi aukin til að stuðla að umhverfissvænni, öruggari og þjóðhagslega hagkvæmari almenningsamgöngum á landi, sjó og lofti.

Fyrsta heildarstefna um almenningsamgöngur milli byggða mótuð og kynnt og regluverk fyrir mála-flokkinn yfirfarið með það að markmiði að það styðji við stefnuna. Unnið verður að því að efla innan-landsflug og niðurgreiða fyrir íbúa landsbyggða fjarri kjarnaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

13. Breytingar á umhverfi leigubifreiða

Stuðlað verði að góðu aðgengi að öruggri, hagkvæmri og skilvirkri leigubifreiðaþjónustu á Íslandi.

Mótuð verði ný heildarlöggjöf um leigubifreiðar á grundvelli skýrslu starfshóps um málaflökkinn þar sem metið verður hvort einkaleyfi fyrir akstur leigubifreiða verði afnumið. Tryggt verði að ný lög standist skuldbindingar Íslands í EES-samningum og að engar aðgangshindranir felist í þeim nema vegna mögulegra almannahagsmuna.

14. Flugstefna mótuð

Ný heildarsýn mótuð fyrir flugmál á Íslandi í því skyni að bæta þjónustu, auka skilvirkni í rekstrarumhverfi flugþjónustu og efla samkeppnishæfni Íslands á alþjóðavettvangi.

Mótuð verði heildstæð flugstefna fyrir landið allt með viðtæku samráði ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana og almennings. Þá verður m.a. rekstur flugvallakerfis fyrir millilandaflug endurskilgreint svo og hlutverk minni og meðalstórra flugvalla. Flugvallarkostir á höfuðborgarsvæðinu og staðsetning fyrir æfinga- og kennslflug metnir til framtíðar. Loks verður efnt til samkeppni um nýja samgöngu- og flugmiðstöð við Reykjavíkflugvöll.

15. Orkuskipti í samgöngum

Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda og stefnt að aukinni kolefnisbindingu til að stuðla að því að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Verulega verður aukið við fjárfestingar og innviði vegna orkuskipta í samgöngum en áætlað er að verja 1,5 milljarði króna á næstu fimm árum til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi. Tekið verður tillit til markmiða um orkuskipti í samgöngum við mótun stefnu á sviði almennings-samgangna og leigubifreiðaaaksturs.

16. Einföldun og samræming regluverks um skip

Þjónusta og aðgengi að upplýsingum bætt með einföldun og samræmingu á löggjöf um skip.

Tryggt verði að kröfur til skipa verði samræmdar og gagnsærri og falli betur að kröfum fyrir stærri skip. Lagaumhverfi skipa s.s. um skráningu, mælingu o.fl. verði einfaldað og steypt saman í einn aðgengi-legan lagabálk fyrir öll skip.





Byggðamál

17. Blómlegar byggðir

Byggðir landsins eflar með markvissum aðgerðum í samvinnu við heimafólk og styrkjum úr sóknar-áætlunum landshlutanna.

Framlög verða veitt með fjölbreyttum aðgerðum, þ.m.t. styrkjum úr samkeppnissjóðum til sóknar-áætlanasvæða og endurskoðun samninga á ýmsum sviðum. Ráðuneytum og stofnunum falið að skilgreina störf og auglýsa án staðsetningar eins og kostur er. Opinber áætlun gerð um tilfærslu opinberra starfa sem eflt geta byggðir og sveitarfélög landsins.

18. Opinber þjónusta kortlögð

Íbúar landsins fá aðgengilegar upplýsingar um þjónustu hins opinbera og einkaaðila.

Unnið verði að þróun þjónustukorts sem sýnir aðgengi landsmanna að allri almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila til að bæta yfirsýn íbúa um allt land. og þar með skapa grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað.

19. Höfuðborgarstefna mótuð

Hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborg allra landsmanna skilgreind með mótun sérstakrar höfuðborgarstefnu. Markmið nýrrar stefnu er að styðja við þróun og nýsköpun og samskipti milli stjórnsýslustiga.

20. Brothættar byggðir

Leitað verður lausna á bráðum vanda á tilteknum svæðum vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi undangengin ár. Árangur af verkefninu verði mældur með íbúapróun í viðkomandi byggðum og öðrum mælikvörðum sem Byggðastofnun hefur umsjón með.

Sveitarstjórnarmál

21. Sveitarstjórnarstigið eft á landsvísu

Efla sveitarstjórnarstigið í samvinnu við íbúa með áherslu á sjálfstjórn, lýðræði, sjálfbærni og rafræna þjónustu.

Mótuð verði stefna um málefni sveitarfélaga, þá fyrstu sinnar tegundar, sem meðal annars er ætlað samræma stefnumótun ríkis og sveitarfélaga með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Víðtækt og gott samráð verður haft við sveitarfélög, stofnanir og almenning.

22. Skýrara hlutverk landshlutasamtaka

Hlutverk landshlutasamtaka verði skilgreind og staða þeirra gerð skýrari til að nýta fjármuni og efla nýsköpun í byggðum landsins.

Aukið samstarf um að tryggja skilvirka nýtingu fjár í sameiginlegum verkefnum í svæðasamvinnu sveitarfélaga. Sett verði skilyrði um hlutverk og starfsemi byggðasamlaga og nánara samstarf við landshlutasamtök.

23. Endurskoðun reglna um fjármál sveitarstjórna

Stuðlað verði að markvissri nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og sjálfbærni í rekstri.

Fjármálakafli sveitarstjórnarlaga verði endurskoðaður með það að markmiði að auka sjálfbærni í rekstri sveitarfélaga og bæta reikningsskil sveitarstjórna og félaga í eigu þeirra.

24. Stuðningur vegna sameiningar sveitarfélaga

Sveitarfélög sem standa höllum fæti fái stuðning til að veita lögbundna þjónustu við íbúa sína eða til að sameinast öðrum en almennt hafa stærri sveitarfélög meiri burði að veita þjónustu til íbúa.

Fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukinn til að styðja við sameiningar sveitarfélaga þannig að þau hafi fjárhagslegt svigrúm til að vinna að nauðsynlegri endurskipulagningu á stjórnsýslu og þjónustu í samræmi við forsendur sameiningar.

25. Stefna og aðgerðaáætlun um sveitarstjórnarmál

Hafin er vinna við mótun stefnu í málefnum sveitarfélaga. Þar verða dregnir saman meginþættir langtímastefnumörkunar ríkisins í þeim málaflokkum sem snúa að verkefnum sveitarfélaga og stuðlað að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á þeim sviðum með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt verða sett fram leiðarljós um hvert stefna skuli í málefnum sveitarstjórnarstigsins með eflingu þess og sjálfbærni að markmiði.



STEFNA UM SVEITARSTJÓRNARMÁL



Umbótaverkefni

A. Áætlanir samþættar

Ný hugsun í opinberri stefnumótun sem felur í sér samþættingu og samræmingu stefna og áætlana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Mótuð hefur verið sameiginleg framtíðarsýn og meginmarkmið fyrir ráðuneytið og allar áætlanir þess. Allar stefnur skulu fylgja ferli Stjórnarráðsins um stefnumótun; stöðumat sett fram í grænbók og drög að stefnu sett fram í hvítbók áður en þær eru gefnar út. Allar stefnur skulu settar fram á samræmdu formi og uppfylli gæðaviðmið um mælanleika og aðgerðir með skýrri ábyrgð, tímasetningum og fjármögnun.

B. Rafræn stjórnsýsla og nýsköpun

Upplýsingatækni nýtt til að veita samfélaginu framúrskarandi rafræna þjónustu og aukin áhersla lögð á nýsköpun í ríkisrekstri.

Lifandi og gagnvirk upplýsingagátt þróuð fyrir áætlanir og árangur ráðuneytisins og stofnana þess í helstu málaflokkum. Mótuð verði aðgerðaráætlun

ráðuneytis og stofnana um rafræna stjórnsýslu og nýsköpun.

C. Aukin gæði eftirlits

Markvisst verði unnið að því að auka gæði eftirlits á vegum ráðuneytisins í þeim tilgangi að efla traust og gagnsæi.

Reglur um meðferð innherjaupplýsinga útfærðar og hagsmunaskráning starfsfólks aukin og gerð opinber. Aukin áhersla á innra eftirlit stofnana. Loks verði gerð greining á umfangi og gæðum eftirlits hjá stofnunum.

D. Þjónustumiðaðri stjórnsýsla

Stjórnsýslan verði þjónustumiðaðri og einfaldari án þess að gengið sé á samfélagslega hagnuni.

Áætlun verði unnin um einföldun regluverks og henni hrint í framkvæmd byggð á greiningu á stjórnsýslu og regluverki.





Stefnumótun og árangur

Það er stefna ráðuneytisins að samræma stefnur og áætlanir í öllum málaflokkum sínum þannig að þær myndi eina samþætta heild til framtíðar. Með samræmingu og samþættingu gefst tækifæri til að bæta nýtingu fjármuna, auka gagnsæi og efla samvinnu innan málaflokka með sameiginlegum aðgerðum.

Stefnumótun

Löng hefð er fyrir stefnumótun og áætlanagerð í samgöngu-, fjarskipta- og byggðamálum. Þær áætlanir hafa á hinn bóginn að mörgu leyti lifað sjálfstæðu lífi án mikilla tengsla hver við aðra og án sameiginlegra markmiða. Þessu vill ráðuneytið breyta.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur unnið markvisst að samræmingu og samþættingu áætlana í öllum málaflokkum þar sem málefni myndu samofna heild þar sem starfsemi í einum málaflokki hefur áhrif á annan.

Ný hugsun í opinberri stefnumótun

Fyrstu skrefin í þessa átt voru stigin með gildistöku laga um samræmingu áætlana á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála. Með þessum breytingum eru vinnubrögð og aðferðafræði aðlöguð að nýrri hugsun í opinberri stefnumótun og áætlanagerð.

Í lögunum er mótuð ný hugsun í stefnumótun, ný sýn og ný vinnubrögð. Gildistími áætlanna þriggja hefur verið samræmdur sem og verklag við mótun og framkvæmd stefnanna. Auk þess er nú lögð aukin áhersla á samráð í ferlinu. Stefna í málaflokkum ráðuneytisins verður því framvegis til fimmtán ára í senn í stað tólf ára og þá verður að sama skapi aðgerðaáætlun í málaflokkunum til fimm ára í stað fjögurra. Endurskoðun mun nú fara fram á allt að þriggja ára fresti í stað fjögurra áður.

Samræmd tímabil áætlana

Stefna mótuð til

15 ára

Aðgerðaáætlun til

5 ára

Meginsvið ráðuneytisins, sveitarstjórnar- og byggðamál, samgöngur og fjarskipti, leggja grunn að innviðum og þjónustu í samfélaginu. Samræmd stefna og aðgerðaáætlun miða að sterkum innviðum og þjónustu, öflugum sveitarfélögum, verðmætasköpun og jöfnum tækifærum í samfélaginu í jafnvægi við umhverfið. Stefna og aðgerðaáætlun á verksviði ráðuneytisins mun þannig undirstrika þá heild sem málefni þess mynda. Er þar einnig horft til samspils og samþættingar við aðrar áætlanir í Stjórnarráðinu þegar þær eru unnar, svo sem aðgerðaráætlun um loftlagsmál eða orkustefnu.

Margbættur ávinningur

Ávinningurinn af samræmingu og samþættingu er margbættur og felur til að mynda í sér möguleika á betri nýtingu fjármuna, aukid gegnsæi og samvinnu málaflokka með sameiginlegum aðgerðum.

Grænbók og hvítbók

Ráðuneytið hefur leitt vinnu við mótun verkfæra og fyrirmyndarsniðmáta af ýmsum toga til að vinna að stefnumótun í Stjórnarráðinu. Vinnan hefur farið fram í teymi með forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti með aðstoð Capacent.

Ferlið miðar að því að í stefnumótunarstarfi í Stjórnarráðinu verði stuðst við gerð svokallaðra grænbóka annars vegar og hvítbóka hins vegar. Verkfærin eru hugsuð til að styðja við handbók um stefnumótun í Stjórnarráðinu.

Grænbók

Stöðumat fyrir málaflokk

Hvítbók

Drög að stefnu kynnt



Mótum framtíðina saman

Ráðherra bauð til fundar um stefnumótun til framtíðar 30. apríl 2018 undir heitinu *Mótum framtíðina saman*. Markmið fundarins var að fá skapandi umræðu um framtíðarsýn og áherslur í samgöngum, fjarskiptum og sveitarstjórnar- og byggðamálum – og skilja hvaða þættir hafa áhrif á samfélagið og greina helstu stefnur og strauma á næstu árum. Til fundarins var boðið fulltrúum atvinnulífs, ríkis og sveitarfélaga, sem eiga það sameiginlegt að hafa þekkingu og skoðanir á málefnum ráðuneytisins.

Í fyrri hluta fundarins var málstofa þar sem þrír ólíkir einstaklingar spáðu í framtíðina – Guðrún Nordal, Bergur Ebbs Benediktsson og Þórarinn Ævarsson. Þau fluttu hvert um sig erindi um hvernig Ísland verði árið 2050 með tilliti til atvinnulífs, byggðar í landinu, samgangna, fjarskipta, umhverfismála og alþjóðasamfélagsins.

Fundargestir tókust á við viðfangsefni fundarins í borðavinnu með fókusi á framtíðinni. Fjallað var um tækifæri, áskoranir og forgangsröðun vegna tækni framfara og áhrifa þeirra, samþættingu samgöngu-, fjarskipta- og sveitarstjórnar- og byggðamála og skipulag opinberrar þjónustu á málefnaviði ráðuneytisins. Horft var fram í tímann og skoðaðar leiðir til að ná árangri.

Niðurstöður fundarins endurspegluðu þær miklu samfélagslegu breytingar vegna tækniþróunar sem munu hafa mikil áhrif á líf okkar og störf og talsverður samhljómur var í þeim enda er lögð mikil áhersla á samtal og samráð við almenning í ráðuneytinu. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar í sameiginlega framtíðarsýn og meginmarkmið áætlana sem og áherslur einstakra áætlana.





Gerðar eru samræmdar stefnur og áætlanir í öllum málaflokkum ráðuneytisins. Byggðaáætlun 2018–2024 var samþykkt á Alþingi árið 2018 og samgönguáætlun 2019–2033 var samþykkt í febrúar 2019. Þingsályktunartillaga um fjarskiptastefnu 2019–2033 var lögð fram á Alþingi í desember 2018 og loks er hafin vinna við stefnu um málefni sveitarfélaga.



Samráð og samstarf

Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að eiga gott samstarf og samráð um málaflokka sína. Að baki stefnumótun og áætlanagerð liggur mikill undirbúningur og víðtækt samstarf við önnur ráðuneyti, stofnanir, atvinnulíf og almenning. Í samráðsgátt stjórnvalda eru birt drög að lagafrumvörpum og reglugerðum og öllum er frjálst að senda umsagnir.

Byggðaáætlun 2018-2024

Ný heildarstefna í byggðamálum fyrir árin 2018 til 2024 var samþykkt á Alþingi í júní 2018. Byggðastofnun vann áætlunina í umboði ráðherra og í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Við gerð byggðaáætlunar var haft viðtækt samráð við almenning, ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa.

Áður en vinna hófst við mótun byggðaáætlunar var þingflokkum boðið til fundar um áherslur þeirra í byggðamálum. Þá voru haldnir fundir í öllum ráðuneytum og með samráðsvettvöngum sjö landshluta. Á þessum vettvangi eru sóknaráætlanir mótaðar og er hver þeirra skipaður nokkrum tugum einstaklinga úr öllum geirum og svæðum.

Framtíðarsetur Íslands var fengið til að greina sviðsmyndir fyrir búsetuþróun á landinu til ársins 2030 og voru niðurstöður þess kynntar á opnum fundi. Eftir það var fundað að nýju með fulltrúum landshluta, stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál um þau drög að tillögum sem lágu fyrir.

Stefnur samhæðar

Byggðaáætlun er ætlað að hafa samhæfingarhlutverk og hafa áhrif á aðrar stefnur og áætlanir. Í Byggðastofnun var farið yfir 93 opinber stefnuskjöl og áætlanir með tilliti til slíkrar samhæfingar. Öll ráðuneyti fengu einnig tækifæri til að yfirfara stefnuna í samhæfingarskyni.

Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2018 til 2024 voru kynnt í ríkisstjórn í mars 2018 og í kjölfarið send til umsagnar í öllum ráðuneytum. Að teknu tilliti til ábendinga frá ráðuneytum var tillagan sett inn á opna samráðsgátt stjórnvalda.

Samgönguáætlun 2019-2033

Ný heildarstefna í samgöngumálum, samgönguáætlun til fimmtán ára, var lögð fyrir Alþingi í október 2018 en samþykkt í febrúar 2019. Áætlunin er byggð á stefnu og áherslum ráðherra og ríkisstjórnar en við gerð hennar var haft viðtækt samráð við almenning, ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa.

Samráðsfundir um land allt

Í upphafi stefnumótunarinnar voru haldnir 11 samráðsfundir víðsvegar um landið með fulltrúum landshlutasamtaka sveitarfélaga, atvinnulífs og frjálsra félagasamtaka. Þá var forvarsmönnum ungmenna- og æskulýðsfélaga, svo sem ungliðahreyfingum stjórnmalaflokka, ungum umhverfissinum og félögum framhalds- og háskólanema boðið til samráðsfunda.

Við vinnslu samgönguáætlunar var leitað til sérfræðinga úr háskólasamfélaginu, frá stofnunum, svo sem Byggðastofnun og Skipulagsstofnun og atvinnulífi því áhrifa samgangna gætir í ríkum mæli á lífs- og búsetugæði, samkeppnishæfni, atvinnu, aðgengi að þjónustu, menntun og menningu.

Í sérstakri umhverfisskýrslu með samgönguáætlun er gerð grein fyrir heildarmati á mögulegum afleiðingum samgönguáætlunar á umhverfi og samfélag.

Á samgönguþinginu sem var haldið í júní 2018 voru kynnt drög að nýrri samgönguáætlun. Farið var yfir helstu áherslur og framtíðarsýn í samgönguáætluninni, áskoranir við fjármögnun samgangna, umferðaröryggi, almenningssamgöngur og áhrif með nýrri tækni fjórðu iðnbyltingarinnar.

Fjarskiptaáætlun 2019-2033

Ný heildarstefna í fjarskiptum til fimmtán ára var lögð fram á Alþingi í nóvember 2018. Verkefni og viðfangsefni sem heyra undir fjarskiptaáætlun snerta ýmsa þætti í samfélaginu og stjórnsýslunni. Við mótun fjarskiptaáætlunar fóru því fram markviss samskipti og samráð við fulltrúa annarra ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana, annarra hagsmunaaðila og almenning.

Fundur um framtíðartækni

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stóð fyrir samráðsfundi vegna mótunar nýrrar stefnu í fjarskiptum, póstmálum, netöryggismálum og málafnum Þjóðskrár Íslands í júní 2018. Markmið fundarins var að fá tillögur og sjónarmið helstu aðila í stjórnsýslu og fyrirtækjum á sviði póstmála, fjarskipta, netöryggismála og í málefnum er varða Þjóðskrár Íslands. Þar kom fram að tæknileg umbreyting samfélagsins væri sannarlega hafin og með metnaði, skýrri stefnu og skipulegri eftirfylgni geti Íslendingar tryggt farsæla tæknilega umbreytingu samfélagsins á þann hátt að landsmenn allir njóti afkastursins.

Í maí 2018 var haldinn fundur með stórum hópi hagsmunaaðila á sviði netöryggismála til að kynna stöðu net- og upplýsingaöryggis og eiga samráð um mótun nýrrar löggjafar á því sviði og mótun skipulags um það nána samstarf sem verið er að byggja upp varðandi netöryggismál.

Í heild hafa fulltrúar um 70 aðila komið með beinum hætti að mótun stefnunnar auk þess sem viðhaft var opið samráð í samráðsgátt Stjórnarráðsins.




Samráðsgátt

Markmið samráðsgáttar stjórnvalda – samradsgatt.island.is – er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Á einum stað er hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt eru til samráðs við almenning og öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu.

38

mál



Í Samráðsgáttinni eru birt áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, skjöl um stefnumótun og fleira. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið birti alls 38 mál til umsagnar í samráðsgáttinni árið 2018, þar 19 drög að reglugerðum og tíu drög að frumvörpum til laga.

- Drög að frumvarpi til laga
- Drög að reglugerð
- Drög að stefnu
- Áform um lagasetningu
- Annað



Stofnanir

Sex stofnanir og tvö opinber hlutafélög heyra undir fagsvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstöðumenn stofnananna. Hlutabréf í opinberu hlutafélagunum eru á hinn bóginn í höndum í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytis og það kemur í hlut fjármála- og efnahagsráðherra að skipa stjórnir þeirra.

Stofnanir



BYGGÐASTOFNUN



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN



Samgöngustofa

Bygðastofnun

Hlutverk Bygðastofnunar er samkvæmt lögum að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Alls starfa um 28 manns
hjá Bygðastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstpjónustu fyrir alla landsmenn. Helstu verkefni eru að hafa eftirlit með fjarskiptamarkaði og póstpjónustu, styðja við uppbyggingu fjarskiptainnviða, neytendavernd og alþjónustu í póstpjónustu og fjarskiptum og að hlúa að netöryggi og öryggi fjarskiptaneta.

Alls starfa 27 manns hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Nefndin starfar eftir lögum um rannsókn samgönguslysa. Í lögnum er fjallað um rannsókn flugslysa, sjóslysa og umferðaslysa (ásamt alvarlegum atvikum) og skiptast rannsóknir í þessa flokka.

Hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfa 7 manns.

Samgöngustofa

Samgöngustofa fer með stjórn-sýslu samgöngumála og annast eftirlit í flugi, siglingum, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Frá þeim tíma að Samgöngustofa var stofnuð árið 2013 og tók við verkefnum sem áður heyrðu undir Flugmálastjórn, Umferðarstofu, Siglingastofnun og Vegagerðina, hefur markvisst verið unnið að samþættingu verkefna, hagræðingu og aukinni rafvæðingu í þjónustu.

Alls starfa um 150 manns
hjá Samgöngustofu.



Vegagerðin

Hlutverk Vegagerðarinnar er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Markmið Vegagerðarinnar er að tryggja samgöngur allt árið með með eins litlum tilkostnaði og eins miklum þægindum og hægt er fyrir vegfarendur. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og sér um vegagerð, þjónustu og viðhald vega. Vegagerðin annast rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Loks hefur Vegagerðin umsjón með hafnabótasjóði sem veitir styrki til framkvæmda í höfnum.

Í lok árs 2018 störfuðu 318 manns hjá Vegagerðinni.



Þjóðskrár Íslands

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að vera miðpunktur rafrænna lausna, halda grunnskrár, reka rafrænar þjónustugáttir, gefa út skilríki og vottorð og meta fasteignir. Loks er unnið markvisst að því að koma á aukinni samvinnu á milli opinberra aðila um að samnýta upplýsingar og kerfi með snjallri upplýsingatækni.

Í lok árs 2018 störfu 123 hjá Þjóðskrár Íslands.



Isavia

Isavia er opinbert hlutafélag sem rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsögubjónustu á einu stærsta flugstjórnaðsvæði heims. Isavia er þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu og leggur grunn að öflugum flugsamgöngum á Íslandi. Framtíðarsýn Isavia er að Ísland verði miðstöð flugs á Norður Atlantshafi. Isavia rekur og viðheldur flugvöllum í samræmi við þjónustusamning við ráðuneytið.

Hjá Isavia og dótturfélögum vinna 1.500 manns.



Íslandspóstur hf.

Íslandspóstur er opinbert hlutafélag og hlutverk þess er að tengja fólk, fyrirtæki og samfélög með dreifingar-, samskipta- og flutninga lausnum um allt land og allan heim. Dreifikerfi Íslandspósts nær til allra heimila og fyrirtækja landsins. Pósthús og landpóstar veita viðskiptavinum alhliða pósthjónustu, óháð staðsetningu. Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum pósthjónustum og samstarfsfyrirtækjum um vörusendingar til og frá Íslandi og myndar þannig tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim.

Um 1.067 manns vinna hjá Íslandspósti.





Starfsemi

Mannauður

Það er stefna ráðuneytisins að hafa ávallt á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki sem sýnir frumkvæði í störfum, veitir góða þjónustu og bregst við síbreytilegum þörfum samfélagsins.

Í mannauðsstefnu ráðuneytisins er rík áhersla lögð á starfsánægju og heilbrigði starfsfólks, góðan aðbúnað á vinnustað, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, samvinnu og liðsheild, nútímalega stjórnun og tækifæri fyrir starfsfólk til símenntunar og þróunar í starfi. Þá er það ófrávíkjanlegt markmið mannauðsstefnu að einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni fyrirfinnist ekki í ráðuneytinu.

Góðar niðurstöður í vinnustaðakönnunum

Ráðuneytið tekur þátt í reglulegum vinnustaðakönnunum sem framkvæmdar eru í öllu Stjórnarráðinu. Þrjár kannanir voru gerðar á árinu 2018. Starfsánægja mælist góð hjá ráðuneytinu, eða í 4 af 5 mögulegum. Almenn ánægja ríkir með aðstöðu og aðbúnað í ráðuneytinu, mælist 4,02 af 5 mögulegum. Starfsfólk upplifir sveigjanleika í vinnu og telur sig eiga gott með að samræma fjölskyldu- og einkalíf, mælist í 4,25.

4,0

Starfsánægja

4,02

Aðstaða

4,25

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Fjölbreyttur bakgrunnur starfsfólks

Í lok árs 2018 störfuðu 45 manns í ráðuneytinu að ráðherra og aðstoðarmönnum meðtöldum. Um var að ræða 42,55 stöðugildi. Starfsmannavelta var rétt um 4% og þegar störf eru auglýst hjá ráðuneytinu hafa jafnan borist margar og góðar umsóknir.

45

Starfsfólk

24

Konur

21

Karlar

Meðalaldur


49 ár

Meðalstarfsaldur

10,4 ár

Starfsfólk ráðuneytisins hefur fjölbreyttan bakgrunn og talsvert ólíka menntun. Flestir, eða tólf talsins, hafa lokið laganámi, tíu manns eru viðskiptafræðingar eða hagfræðingar, sjö hafa lokið menntun á sviði raunvísinda og fimm eru stjórn málafræðingar. Þeir sem hafa aðra félagsvísinda- eða hugvísindamenntun eru t.a.m. upplýsingafulltrúi, mannauðsstjóri og skjalastjóri.

Háskólamenntun starfsmanna



Jafnlaunavottun

Jafnrétti er hornsteinn í mannauðsstefnu ráðuneytisins. Unnið var markvisst að undirbúningi jafnlaunavottunar fyrir ráðuneytið á árinu 2018. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Óháðir úttektaraðilar gerðu úttekt á jafnlaunakerfi ráðuneytisins og hlaut ráðuneytið jafnlaunavottun í febrúar 2019.



Heimild: Vinnustaðakönnun Maskínu haustið 2018



Fjármál og rekstur

Árið 2018 var fyrsta heila rekstrarár samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis eftir uppskiptingu innanríkisráðuneytisins 1. maí 2017.

7,7% af fjárlögum

Hlutdeild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í fjárlögum 2018 nam tæplega 63 ma.kr. eða 7,7% af heildarútgjöldum ríkisins. Skiptingu milli ráðuneyta má skoða í meðfylgjandi kökuriti.

Skipting útgjalda




Stærstu hluti útgjalda ráðuneytisins í einstaka mála-flokka renna í samgöngur, eða 58,6%. Næst á eftir koma útgjöld til sveitarfélaga, 31,2%, og þar á eftir í grunnskrár, byggðamál og fjarskipti. Skiptingu útgjalda má skoða í meðfylgjandi kökuriti.

Launakostnaður 78%

Fjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins nam um 627 m.kr. í fjárlögum ársins 2018. Þar af nam framlag úr ríkissjóði um 574 m.kr. en um 53 m.kr. voru í formi rekstartekna. Launakostnaður nam um 78% af kostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Græn skref

Ráðuneytið tekur þátt í innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri, en markmiðið er að stuðla að aukinni sjálfbærni og bættri umhverfisvitund meðal starfsmanna. Stofnaður var vinnuhópur og lauk ráðuneytið að mestu við að uppfylla kröfur að baki þremur skrefum af fimm. Til að svo mætti verða þurfti að gera ýmsar breytingar innanhúss m.a. í tengslum við flokkun úrgangs, pappírnotkun og umhverfisvæn innkaup.



Fjárlög 2018

- Velferðarráðuneytið
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Vaxtagjöld Ríkissjóðs
- Æðsta stjórn
- Forsætisráðuneytið
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Utanríkisráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Dómsmálaráðuneytið

Fjárveiting til málaflokka

- Samgöngur
- Fjarskipti
- Stjórnsýsla ráðuneytisins
- Fjölskyldumál
- Grunnskrár
- Framlög til sveitarfélaga
- Byggðamál

Skipting útgjalda ráðuneytisins

- Launakostnaður
- Húsaleiga og ræsting
- Ýmis sérfræðisþjónusta
- Ferðakostnaður
- Prentun, póstur o.fl.
- Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta
- Fundir, námskeið og risna
- Afskriftir
- Ýmis kostnaður

Þingmál og nefndir

24

Lagafrumvörp samþykkt

Þingmál

Árið 2018 voru alls samþykkt 24 lagafrumvörp sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagði fram, 12 á vörþingi og 12 á haustþingi.

19

Skrifleg svör

2

Munnleg svör

Fyrirspurnir

Á árinu svaraði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 19 fyrirspurnum skriflega á Alþingi og tveimur munnlega.

26

Nefndir og ráð

Nefndir og ráð

Undir málefnasvið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis teljast **nítján lögbundnar nefndir og ráð**, **tvær lögbundnar úrskurðarnefndir** og **fimm lögbundnar stjórnir**, sem taldar eru upp í stafrófsröð hér á eftir. Alls var fjöldi nefndarmanna samtals 242, þ.e. 181 aðalmaður og 61 varamaður.

- Byggðamálaráð
- Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
- Fagráð um flugmál
- Fagráð um umferðarmál
- Fjarskiptaráð
- Flugvirkarráð
- Mönnunarnefnd skipa
- Netöryggisráð
- Rannsóknarnefnd samgönguslysa
- Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- Reikningsskila- og upplýsinganefnd
- Samgönguráð
- Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

- Skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna
- Starfshópur um mótun stefnu í sveitarstjórnarmálum
- Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál
- Undanþágunefnd frá atvinnuréttindum vélstjóra og skipstjórnarmanna
- Stjórn Byggðarannsóknarsjóðs
- Stjórn Byggðastofnunar
- Stjórn Fjarskiptasjóðs
- Stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara
- Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála
- Yfirfasteignamatnefnd




Stjórnsýsluúrskurðir

Á árinu 2018 bárust ráðuneytinu 42 stjórnsýslukærur. Þær bættust við 43 kærumál sem ólokið var í ársbyrjun. Alls var því unnið í 85 málum á árinu. Úrskurðað var í 50 kærumálum og því færðust 35 mál yfir á árið 2019.

85

stjórnsýslukærur til umfjöllunar

Myndin sýnir hvernig þær 42 kærur sem bárust á árinu 2018 skiptast eftir málaflokkum.




Innkomnar kærur árið 2018 og skipting eftir málaflokknum

- Sveitarstjórnamál
- Flug/neytendavernd
- Vegagerð/siglingar
- Annað
- Lögheimili
- Umferð

Markmið að stytta málshraða

Markmið um málshraða á árinu náðist ekki. Einungis 22% mála var lokið á innan við sex mánuðum. Ákveðið var undir lok árs að fjölga í hópi starfsmanna sem sinna kærumálum en einungis einn starfsmaður hefur sinnt málefnum. Markmiðið er að stytta málshraða og er stefnt að því að 90% kærumála sé lokið á innan við sex mánuðum.




Málshraði úrskurða árið 2018

- Yfir 6 mánuðum
- Undir 6 mánuðum

Ákvörðun staðfest í 82% tilfella

Í þeim málum sem lauk á árinu 2018 var ákvörðun stofnunar staðfest í 82% tilvika. Í 6% tilvika var ákvörðun felld úr gildi eða úrskurðuð ólögsmæt. Undir flokkinn annað falla mál sem lýkur ekki með niðurstöðu t.d. mál sem vísað er frá eða eru felld niður. Myndin sýnir niðurstöður þeirra 50 mála sem lokið var á árinu.



Niðurstöður úrskurða árið 2018


- Ákvörðun staðfest
- Ákvörðun felld úr gildi/ákvörðun ólögsmæt
- Annað

Samskipti

Það er leiðarljós samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að vera til fyrirmyndar í upplýsingagjöf til samfélagsins og þjóna íbúum landsins af fagmennsku.


Ný samskiptastefna ráðuneytisins var mótuð á árinu í samstarfi við starfsfólk og tók hún formlega gildi í mars 2019. Markmið stefnunnar eru þrjúþætt: Frumkvæði að því að kynna framtíðarsýn og málaflokka ráðuneytisins; birta gögn að fyrra bragði í takt við stefnu um opna stjórnarsýslu og gagnsæi; og veita svör við fyrirspurnum og álitamálum hratt og örugglega. Á grunni samskiptastefnu ráðuneytisins er samin kynningaráætlun fyrir allt að eitt ár í senn.

Upplýsingamiðlun fer mest fram á vef ráðuneytisins en þar er hægt að nálgast upplýsingar, þjónustu og margvísleg gögn með auðveldum hætti. Einnig eru haldnir fundir um einstök málefni, ýmist fyrir fjölmiðla eingöngu eða opnir fundir fyrir almenning. Samskipti við fjölmiðla eru ríkur þáttur í upplýsingamiðlun og er fyrirspurnum þeirra svarað hratt og örugglega í takt við upplýsingalög.



Tíu mest lesnu fréttirnar

1. Ný reglugerð um hækkun sekta fyrir umferðarlagabrot tekur gildi 1. maí (16.04.18).
2. Umsækjendur um embætti forstjóra Vegagerðarinnar (22.05.18).
3. Áform um setningu nýrra umferðarlaga (19.01.18).
4. Tillögur um eflingu innanlandsflugs og reksturs flugvalla lagðar fram í skýrslu starfshóps (04.12.18.).
5. Opnað fyrir umsóknir um framlög vegna fjarvinnslustöðva (14.09.18).
6. Yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga (21.09.18).
7. Flugvallarskilyrði i Hvassahrauni verði fullrannsökuð (07.02.18).
8. Umhverfismat samgönguáætlunar 2019-2033 til kynningar (02.07.18).
9. Ríkisstjórn samþykkir tillögur um eflingu byggðar við Bakkaflóa (23.11.18).
10. Úttekt Oxford-háskóla a stöðu netöryggis og aðgerðir til eflingar þess (30.04.18).



4. janúar

Þórunn Egilsdóttir skipuð formaður samgönguráðs.

25. janúar

Samið um þjónustu Netöryggis-sveitarinnar við stjórnsýsluna.

31. janúar

Byggðastofnun falin gerð þjónustukorts í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

2. febrúar

Mótun heildarlöggjafar um net- og upplýsingaöryggi kynnt.

14. febrúar

Íslenskir landshlutar koma vel út úr norrænum samanburði.

11. apríl

- Ísland í fyrsta sæti meðal þjóða heims í upplýsinga-tækni og fjarskiptum
- Aukin áhersla lögð á samgöngu- og byggðamál í fjármálaáætlun.

**22. mars**

Samningar undirritaðir um styrki til ljósleiðaravæðingar á vegum Ísland ljóstengt.

**20. mars**

Ráðherra opnaði vef um öryggis-mat íslenska vegakerfisins.

16. apríl

Ný reglugerð um hækkun sekta fyrir umferðarlagabrot tekur gildi 1. maí.

20. apríl

Sameiningar sveitarfélaga staðfestar (Sandgerði & Garður/Fjarðabyggð og Breiðdalshrepps).

27. apríl

Ríkisstjórnin úthlutar fjórum milljörðum króna til brýnna vegaf framkvæmda.

30. apríl

Oxford-háskóli skilar úttekt á stöðu netöryggis á Íslandi með tillögum um aðgerðir til að efla netöryggi.

18. maí


Samráðsfundur haldinn um stöðu net- og upplýsingaöryggis.

1. júní

Niðurstaða verkefnahóps um nýja flugstöð á Reykjavíkurflogvelli kynnt.

31. maí

Athöfn í tilefni þess að 26. maí voru fimmtíu ár liðin frá því að Íslendingar tóku upp hægri umferð.

**30. maí**

Framtíðarfundur haldinn um málaflokka samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

25. maí

- Gagnvirk upplýsingasiða um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga opnuð.
- Skýrsla kynnt um flutning hergagna með borgaralegum loftförum 2008-17.

14. júní

Byggðaaætlun 2018-2024 samþykkt á Alþingi.

15. júní

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál skipaður.

21. júní

Áskoranir í samgöngumálum ræddar á samgönguþingi 2018.

26. júní

Forgangsmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna samþykkt.

28. júní

Ný lög sem ramma inn starfsemi þjóðskrár Íslands samþykkt á Alþingi.

2. júlí

- Umhverfismat samgöngu-áætlunar 2019-2033 kynnt.
- Bergþóra Þorkelsdóttir skipuð forstjóri Vegagerðarinnar.



9. júlí

Ný köfunarlög taka gildi og stuðla að auknu öryggi.

16. júlí

Fyrsti áfangi þjónustukorts fyrir opinbera þjónustu kynntur.

13. ágúst

Starfshópur skipaður til að skýra hlutverk og stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga.

28. september

Gjaldtöku í Hvalfjarðargöngunum lýkur.



25. september

Fyrsti fundur nýskipaðs Netöryggisráðs.

10. september

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum kynnt – áhersla á orkuskipti í samgöngum.



1. október

Hvalfjarðargöng formlega afhent íslenska ríkinu.

10. október

Mælt fyrir þingsályktunar-tillögu um samgönguáætlun til fimmtán ára 2019-2033.

18. október

Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál sett á laggirnar á Laugarvatni.



6. nóvember

Ný heildarlöggjöf um pósthjónustu lögð fram á Alþingi.

27. nóvember

Fjarvinnslustöðvar fá 30 m.kr. í verkefnastyrki á grundvelli byggðaáætlunar.

23. nóvember

Ríkisstjórn samþykkir tillögur ráðherra um eflingu byggðar við Bakkaflóa.

20. nóvember

Viðræðuhópur skilar niðurstöðum um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

19. nóvember

Minningarathöfn haldin um fórnarlömb umferðarslysa.

15. nóvember

Ráðherra úthlutar 120 milljónum krónum í verkefnastyrki til að efla byggðir landsins.

30. nóvember

Viðræðuhópur um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu leggur til að fella borgarlínu og stofnvegaframkvæmdir inn í samgönguáætlun.

4. desember

- Mælt fyrir fjarskiptastefnu til fimmtán ára á Alþingi.
- Tillögur um eflingu innanlandsflugs og rekstur flugvalla lagðar fram í skýrslu starfshóps.

6. desember

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga tekur gildi næstu áramót.

13. desember

Tíu milljónum úthlutað til að efla verslun í strjálbýli árið 2018.

21. desember

Gagnlegar upplýsingar um samgönguáætlun og nýjar fjármögnunarleiðir í samgöngum kynntar.

